

Hafnarfirði, 17. janúar 2022

Efni: Covid – 19 aðgerðaráætlun og staða mála í leikskólum Hafnarfjarðar

Frá hausti hefur Covid – 19 smita fjölgað og haft stigvaxandi áhrif á leikskólastarf eftir því sem fleiri börn smitast sem er ólíkt því sem hefur átt sér stað í útbreiðslu Covid – 19. Þessi þróun hefur haft áhrif á hefðbundið leikskólastarf þar sem bæði börn og starfsfólk hafa farið í einangrun og sóttkví og orðið hefur að loka deildum í leikskólum af þeim sökum. Fjölgun smita hefur einnig haft áhrif á stjórnunarstörf leikskólastjóra við smitrakningu. Nokkrar deildir, allt frá 1 – 8 deildum, hefur verið lokað frá jólum í leikskólum Hafnarfjarðar. Gjöld eru felld niður þegar leikskólar loka deildum og einnig fyrir þá foreldra sem hafa börn í sóttkví eða einangrun. Dæmi voru um það að leikskólastjórar voru við vinnu á hátíðisdögum vegna smitrakninga.

Fundir hafa verið felldir niður og samstarf og þróunarvinna í leikskólum er sett á bið. Þeir fundir sem nauðsynlegt er að halda eru færðir yfir á fjarfundi. Skólaþjónusta er heimilt að koma í leikskólana þar sem þörf er á vegna greiningarvinnu.

Samráð er við Almannavarnir og fræðslustjóra á höfuðborgarsvæðinu um aðgerðir og rætt um stöðu á höfuðborgarsvæðinu til að draga lærdóm af eða leita stuðnings og ráðgjafar. Þann 3. janúar var sameiginlegur skipulagsdagur á höfuðborgarsvæðinu til að undirbúa leikskóla fyrir skólastarf eftir jólahátíðar. Var það gert til að skólar gætu fengið ráðrúm til að skipuleggja mönnun þar sem ekki var ljóst hvernig staðan var með tilliti til smita að loknu jólafríi.

Enn eru tölur um smit og sóttkví meðal barna á aldrinum að berast og staðan í leikskólum þung af þeim sökum. Leikskólastjórar og starfsfólk leikskóla hafa verið undir meira álagi en eðlilegt getur talist af þessum völdum og staðið sig óaðfinnanlega og sýnt styrk sinn og megin í erfiðu verkefni. Leikskólastjórahópur Hafnarfjarðar hefur sótt og deilt upplýsingum og þekkingu sín á milli á innri vef Hafnarfjarðar sem hefur reynst góður vettvangur að leita í þegar þörf er á upplýsingum eða samtali meðal kollega. Fundir með leikskólastjórum um gildandi reglugerð var síðast haldinn fimmtudaginn 13. janúar sl. þar sem farið var yfir gildandi reglugerð.

Reglur í leikskólum út frá reglugerð sem gildir frá 13. janúar til og með 2. febrúar 2022.

Leikskólar:

Sömu reglur gilda um starfsfólk skólaþjónustu og starfsfólk leikskóla.

1. Samanlagður hámarksfjöldi starfsfólks er 10 í rými og nálægðartakmörk eru 2 metri milli aðila.
2. Hámarksfjöldi leikskólabarna er 50 í rými
3. Fjöldatakmörkun á útisvæði á ekki við
4. Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks, 2 metrar. Ef ekki næst lágmarksfjarlægð skal nota grímu, einnig í samskiptum við börnin.



HAFNARFJÖRÐUR

5. Grímuskylda fullorðinna sem koma í leikskólann (foreldrar og aðrir t.d. með vörur í leikskólann)
6. Tilfærsla á starfsfólki milli rýma, er heimil. Leikskólastjóri metur notkun heimildar eftir aðstæðum í leikskóla hverju sinni
7. Kaffistofur/kaffitímar eru skipulagðar með það fyrir augum að takmarka blöndun milli rýma og takmarka hugsanleg smit
8. Við aðlögun barna skal viðvera foreldra/forráðamanna skipulögð þannig að þeir þurfi ekki að nota hreinlætis- og mataraðstöðu í skólabyggingum. Viðkomandi skal bera grímu og gæta að nálægðartakmörkun jafnt sín á milli og gagnvart starfsfólki. Einungis einn aðili skal fylgja barni í aðlögun og skal það vera sami aðili allan tímann.
10. Foreldrar og aðstandendur mega koma inn í leikskólabyggingar en skulu sýna aðgát og gæta að persónubundnum sóttvörnum og bera andlitsgrímur. Stjórnendum er heimilt að takmarka enn frekar komu gesta í leikskólann.
11. Engir viðburðir með foreldrum eða öðrum gestum.
14. Allir sem finna fyrir flensulíkum einkennum fari í PCR sýnatöku (sjá covid.is yfir hvaða einkenni eru talin upp)
15. Starfsfólk í sóttkví sem er þrífólusett er heimilt að mæta til vinnu ef aðstæður leyfa

Hrund Apríl Guðmundsdóttir

Aðstoðarmaður sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs